

Frelsunar-guðfræði „frjálshyggunnar“

Bókarhöfundar: **Einar Már Jónsson**

Bókarheiti: **Örlagaborgin. Brotabrot úr afrekasögu frjálshyggunnar. Fyrri hluti**

Gagnrýnandi: **Kjartan Emil Sigurðsson**, stjórn málafræðingur.

Útgáfa: **Ormstunga, Háskólaprent: Reykjavík, 2012, 546 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Saman er fléttað sögulegum skáldskap og liprum stíl hins lærða mennta- og sem hér heldur á penna. Bókin er því atburða- og hugmyndasaga en líka skáldskapur í bland. Aðalsmerki góðs sagnfræðiritis er það að lesandinn sest inn í tímavél. Slíka tímavél tekst Einari Má að kalla fram og setja á blað. Frásögnin er lipur og léttleikandi og stutt er í kímna.“

Hér er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Þvert á móti er saga frjálshyggunnar tekin í karphúsið. Einar Már sagnfræðingur við Svartaskóla Jónsson hyggst kveða niður annan djöful en þann sem Sæmundur fróði barði til bókar að loknu selsundinu margumrædda. Ekki skemmir fyrir að Sæmundur Sigfússon fróði var einmitt nemandi við Svartaskóla svo sem kemur fram í þjóðsögunni. En stytta af Sæmundi og djöfsa ku standa fyrir framan háskóla íslenskrar alþýðu og stúdenta hér í borg. Í Örlagaborginni er Einari Má mikið niðri fyrir í kjölfar hruns „frjálshyggunnar“ sem setti mark sitt á lærdóminn af íslenskum búhyggindum á heimsvísu.

Sú kynjaskepna sem Einar Már tekst á við í þessum fyrri hluta er það sem með réttu heitir „klassísk frjálshygga“. Hún er svo nefnd til aðgreiningar frá „ný-frjálshyggu“ sem Einar Már vill ekkert kannast við og telur hann að sú síðarnefnda komi til sögunnar löngu seinna en hún mun vera umfjöllunarefni Seinni hluta Brotabrots Einaris Mús. Kemur hér að þeim vanda að „liberalismi“ hefur ekkert gott heiti á íslenskri tungu sem nýtilegt er. Margir vilja meina að „klassísk frjálshygga“ sú sem bók Einaris Mús fjallar um eigi fátt sameiginlegt með „ný-frjálshyggu“ (e. *neo-liberalism*), sem gjarna er kennd við Hayek og Friedman. En að öðru.

Lokasetning bókarinnar er í reynd kjarninn bak við ritun hennar: „hvernig gat það gerst að hún (það er „frjálshygga“) skyldi rísa aftur upp öld síðar og byrja ballið á ný?“ Margt hefur gerst síðan þá og var frjálshygga, það er markaðs-liberalismi, af sumum talin andsvar við marxisma og lenínisma á öld öfganna eins og hinn nýfallni marxíski, sagnfræðingur Eric Hobsbawm kallaði 20. öldina.

Sósíal-liberalismi og markaðs-liberalismi virðast hafa þróast hlið við hlið en John Stuart Mill, sem kemur töluvert við sögu í bókinni, mun vera helsti málsvari hins fyrrnefnda. Í Þýskalandi gengur kynjaskepnan undir heitinu „Ordo-liberalismi“, en

Hannes H. Gissurarson hefur sett fram kenningu um að íhaldsstefna og „frjálshygja“ komi saman í höfðinu á Friðriki Ágústi von Hayek. Brotabrotið fjallar mikið um iðnbyltinguna, sem á íslensku hefur verið kennt við „iðnbyltingu hugarfarsins“.

Á 18. öld var náttúrulegt frelsi, tabula rasa, eins og Locke vildi kalla það. Á 19. öld var frelsið bundið í stjórnarskrá og féll innan marka laga og réttar, mjög í anda Rousseau. Á þessu öllu gerir bók Einar Más prýðileg skil og skilmerkileg. Áhersla Einar Más er á að greina sögu atburða og hugmynda, sem tengjast iðnbyltingunni á Bretlandi, heimspekiritum helstu höfunda frjálshyggiunnar á Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi. Saman er fléttað sögulegum skáldskap og líprum stíl hins lærða mennta- og gáfumanns sem hér heldur á penna. Bókin er því atburða- og hugmyndasaga en líka skáldskapur í bland. Aðalsmerki góðs sagnfræðiritis er það að lesandinn sest inn í tímavél. Slíka tímavél tekst Einari Má að kalla fram og setja á blað. Frásögnin er lípur og léttleikandi og stutt er í kímna.